

# Lagabreytingatillaga frá Gunnari Björnssyni

## 3. kafli Íslandsmót skákfélaga

### 17. grein.

Keppninni skal skipt í **fimm deildir og heitir sú efsta Úrvalsdeild. Sigurvegari í Úrvalsdeild er Íslandsmeistari skákfélaga.** Fjöldi vinninga skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í deildum þar sem allir tefla við alla. Verði vinningar jafnir, skulu liðsstig (matchpoints) ráða. Fjöldi liðstiga (matchpoints) skulu ráða úrslitum um endanlega röð í deildum þar sem teflt er eftir svissneska kerfinu. Verði liðstigin jöfnar, skulu vinningar ráða. Hvert félag á rétt á að senda eins margar sveitir til keppninnar og það óskar. Þó mega ekki vera fleiri en **ein sveit** frá nokkru félagi í **Úrvalsdeild** og ekki fleiri en **þrjár** í **1.deild**.

**Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2018:** *Gildir keppnistímabilið 2017-2018.*  
Keppninni skal skipt í **fjórar deildir og heitir sú efsta Úrvalsdeild.**

### 18. grein.

**Sex sveitir skulu vera í Úrvalsdeild og átta sveitir í 1. og 2. deild.** Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka sveitum í neðri deildum þyki henni ástæða til. **Hver sveit í Úrvalsdeild skal skipuð átta liðsmönnum, en í öðrum deildum skulu sveitir skipaðar 6 liðsmönnum. Efsta sveit 1.deildar, tvær efstu sveitir 2. og 3.deildar og þrjár efstu sveitir 4. deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils. Neðsta sveit Úrvalsdeildar, tvær neðstu sveitir 1. og 2. deildar og þrjár neðstu sveitir 3. deildar falla niður um deild.**

**Sérákvæði sem falli út eftir 1. júní 2018:** *Gildir keppnistímabilið 2017-2018.*

- **Úrvalsdeild:** Sex efstu sveitir 1. deildar færast upp í Úrvalsdeild
- 1. deild: Engin sveit falli niður í 2. deild – fjórar sveitir upp úr 2. deild (fækkun úr tíu í átta)
- 2. deild: Engin sveit falli niður í 3. deild – fjórar sveitir upp úr 3. deild (áfram átta)
- 3. deild: Fjórar sveitir falli niður í 4. deild – tvær sveitir upp úr 4. deild (fækkun úr fjórtán í átta)
- 4. deild: Fjölgun um tvær sveitir.

## Rökstuðningur

Tillagan byggir nánast á öllu leyti á tillögu Halldórs Grétars Einarssonar fyrir aðalfund SÍ 2015. Þeirri tillögu var vísað til stjórnar af aðalfundinum. Rökstuðningurinn er einnig að langmestu byggður á greinargerð Halldórs sem fylgdi tillögunni.

Helsta breytingin sem lögð er til, er að sex lið tefli tvöfalda umferð í efstu deild í stað tíu liða sem tefla einfalda umferð eins og er í dag.

Kosturinn við sex liða efstu deild er að sveitirnar verða jafnari að styrkleika sem þýðir fleiri spennandi viðureignir, fleiri jafnari skákir og meiri spennu í toppi og botni deildarinnar. Einnig aukast áfangamöguleikar mikið við þessa breytingu. Bæði nýtast titilhafar tvöfalt fyrir hvern og einn áfangaveiðara (tvöföld umferð) og svo myndast möguleikar á áfanga í 2-9 umferð og 1-10 umferð til viðbótar við núverandi 1-9 umferða áfanga.

Lagt er til að deildum verði fjölgað úr fjórum í fimm og efsta deildin fái heitið Úrvalsdeild. Það er í samræmi við það sem hefur verið gert í flestum öðrum íþróttageinum. Útskýrt er á skýran hátt hvernig lið færast í deildir við breytinguna.

Lagt er til að b-sveitir fái ekki sæti í úrvalsdeild. B-sveitir hafa verið í gegnum tíðina umdeildar og að margra mati skekkja þær samskeppnisstöðu á milli þeirra félaga sem hafa b-sveitir í efstu deild og hinna. Þess í stað gæti verið mögulegt að veita Íslandsmeistaratitil fyrir efstu b-sveitina hvert keppnistímabil. Það er og ljóst að nýja 1. deildin verður miklu sterkari en núverandi 2. deild sem gerir áhugaverðara að tefla þar fyrir sterka skákmenn í b-sveitum.

Ekki er tekin afstaða til þess í tillögunni hvort keppnin í úrvalsdeild verða tefld á tveimur eða þremur helgum (eins og Halldór lagði til) heldur lagt í hendur stjórnar SÍ.

**Verði tillagan samþykkt verður reglugerðum breytt í samræmi við breytt lög.**